

11 lyklar

starfsmannastefnu

1. Starfsmannastefnan nær til allra þeirra sem ráðnir eru til starfa hjá sveitarfélaginu.
2. Kjörnir fulltrúar hafa ekki afskipti af daglegum störfum starfsmanna eða af verkstjórn.
3. Starfsmönnum ber að sýna ábyrgð í störfum sínum, frumkvæði og gott viðmót.
4. Móttaka nýrra starfsmanna skal vera með skipulögðum og jákvæðum hætti.
5. Leitast er við að koma til móts við starfsmenn svo þeir geti sinnt ábyrgð sinni gagnvart fjölskyldunni.
6. Jafnrétti skal virt í hvívetna og óheimilt er að mismuna starfsfólki að nokkru leyti.
7. Vinnustaðir sveitarfélagsins skulu vera reyklusir.
8. Starfsmaður má ekki vera við vinnu undir áhrifum áfengis eða annarra vímuefna.
9. Áhersla er á skýrar boðleiðir og gott upplýsingaflæði til starfsmanna.
10. Unnið er markvisst að öryggi og vinnuvernd starfsmanna í samræmi við lög og reglugerðir.
11. Það er sameiginlegt verkefni starfsmanna og stjórnenda sveitarfélagsins að veita metnaðarfulla og framsækna þjónustu.